

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 25. janúar 2008 í máli nr. S-1021/2007:

Ákærvaldið

(Alda Hrönn Jóhannsdóttir ftr.)

gegn

Guðmundi Símonarsyni

Þetta mál, sem var dómtekið 15. janúar sl., er höfðað með ákæru lögreglu stjórnans á Suðurnesjum, dags. 12. nóvember 2007, á hendur Guðmundi Símonarsyni, kt. (...), Vesturgötu 15a, Keflavík, fyrir „skjalafals, með því að hafa, þriðjudaginn 17. janúar 2006, ritað nafn Björns Vífils Þorleifssonar, kt. (...), undir skjal er heimilaði ákærða fullt og ótakmarkað umboð til að ganga frá sölu á bifreiðinni ZV-210, skráðri eign Björns Vífils; en skjalinu framvísaði ákærði til Umferðarstofu samhliða tilkynningu um eigendaskipti á ökutæki vegna ökutækisins, með seðilnúmer 0258777, þann 18. janúar s.á.

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.“

Í ákæru er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Við fyrirtöku málsins 15. janúar viðurkenndi ákærði að hafa ritað nafn Björns Vífils Þorleifssonar undir skjal sem heimilaði ákærða fullt og ótakmarkað umboð til að ganga frá sölu á bifreiðinni ZV-210, skráðri eign Björns Vífils. Ákærði kvaðst hins vegar ekki hafa framvísað skjalinu til Umferðarstofu samhliða tilkynningu um eigendaskipti á ökutæki vegna ökutækisins þann 18. janúar sama ár. Hann sagði að það hafi bílasalan gert. Bílasala gangi þannig fyrir sig að bílaumboðið beri ábyrgðina á því að tilkynnt sé um eigendaskipti á bifreið. Þetta verk taki bílasalar að sér fyrir seljendur bifreiða.

Í framhaldi af þessum upplýsingum óskaði fulltrúi ákærvaldsins eftir að bóka breytingu á ákæruskjalinu á þá leið að í stað þess að þar standi að ákærði hafi framvísað skjalinu til Umferðarstofu standi „en skjalinu framvísaði bifreiðaumboðið Bílasala Íslands til Umferðarstofu“.

Með svofelldri breytingu var málið tekið til dóms eftir að fulltrúi ákærvalds og ákærði höfðu tjáð sig um lagaatriði og viðurlög.

Ákærði hefur fyrir dómi skýlaust viðurkennt að hafa ritað nafn annars manns undir umboð sem veitti ákærða heimild til þess að selja bifreið sem var skráð eign þess manns. Ennfremur hefur hann viðurkennt að hafa fengið bílaumboðinu Bílasölu Íslands umboðið þannig undirritað til þess að bílasalan gæti framvísað umboðinu, ásamt með tilkynningu um eigendaskipti, til Umferðarstofu og kvaðst hann hafa greitt bílaumboðinu fyrir þá umsýslu. Þar með telst sannaður sá ásetningur að ákærði hafi notað falsað skjal til að blekkja með því í lögskiptum, sem er skilyrði samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, og telst brot ákærða réttilega heimfært til refsíákvæða. Ákærði hefur því unnið sér til refsingar samkvæmt áður nefndu ákvæði.

Ákærði er fæddur árið 1955 og hefur hreint sakavottorð. Fyrir dómi gerði ákærði ítarlega grein fyrir aðdraganda þess að hann skrifaði nafn annars manns á umboðið og hann gerði jafnframt grein fyrir aðdraganda þess að hann var síðar kærður fyrir það. Ljóst er að ákærði ætlaði sér ekki að baka öðrum tjón með athöfn sinni og ekkert tjón hlaust af henni. Með vísan til þess og þess að ákærði skýrði greiðlega frá hjá lögreglu sem og fyrir dómi svo og þess að ákærði hefur ekki áður gerst brotlegur við lög og jafnframt þess að allnokkur dráttur hefur orðið á rannsókn málsins og útgáfu ákæru þykir mega nýta heimild a-liðar 1. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga og ákveða að fresta skuli ákvörðun refsingar skilorðs bundið. Ekki kemur til refsingar fyrir brot ákærða gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. sömu laga í tvö ár talið frá uppkvaðningu þessa dóms.

Ekki verður séð að neinn kostnað hafi leitt af rannsókn þessa máls.

Ingiríður Lúðvíksdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp þennan dóm.

D ó m s o r ð :

Ákvörðun um refsingu ákærða, Guðmundar Símonarsonar, fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga skal fresta. Ekki kemur til refsingar fyrir það brot haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í tvö ár talið frá uppkvaðningu þessa dóms.

Ingiríður Lúðvíksdóttir